

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu á Ísafirði nr. 37/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 9. janúar 1998.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.
GJALDSKRÁ**fyrir sorphirðu á Selfossi 1998.**

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið fyrir árið 1998 er sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 7.000 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

	kr.		kr.
Flokkur 1	9.000	Flokkur 6	134.000
Flokkur 2	19.000	Flokkur 7	175.000
Flokkur 3	27.000	Flokkur 8	220.000
Flokkur 4	56.000	Flokkur 9	263.000
Flokkur 5	89.000	Flokkur 10	310.000

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka eftir magni úrgangs.

Gjalddagi er 1. apríl. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og gilda árið 1998.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 130/1996 fyrir sorphirðu á Selfossi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. janúar 1998.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.